

Vegna hvers erum vér Unitarar?

III.

Vér höfum það einhvernveginn á meðvitund vorri, að það góða í heiminum, í hverri mynd sem það er, sé í eðli sínu gott mönnum og öllu sem lífs anda dregur. Ekkert annað en það, sem þannig er, köllum vér gott. Það eru til heimsspekingaskólar, og þeir sem þeim fylgja, er kalla ekkert eða þá alt gott, hvern veginn sem maður vill snúa því. Og það eru til einstöku menn aðrir, er með grúski og hjáraeningshaetti kalla áreiðanlega illt, það sem vér myndum kalla blesað og gott. Eins og t. d. mótlæti margfaldlegt, sem mönnunum mætir. Það á að vera til þess að hegna þeim, beygja þá, gjöra þá bljúga og auðmjúka í anda og sinni. Það á að vera himinsend gjöf. En þannig er oss alls ómögulegt að líta á það. Það er eitthvað það innra hjá oss sjálfum, er segir oss, þrátt syrir hinna fögru útskýringar, að það sé eymd og sársauki hinn mesti.

Allar raunir, sem meun rata í, sem koma fyrir á margvíslegan hátt, eru að voru álit, þegar vér erum heilbrigtr hugsandi, sem hið mesta fár og mesta slys. Einn missir heilsu, annar slasast, hinn þriðji missir mannorð sitt vegna óheilnamra ástríða, vegna þróttleysis, vegna ofskóna og ályga, sem hann er ekki nógu sterkur að standa móti, og fellur því ofan að því takmarki, sem hann er sagður standa við. Og einn missir vitíð vegna þekkingarskorts, að hann gjörist of auðtrúa á hindurvitni og hjátrú og ýmsar öfgar fagrar eða ljótar, sem hann heyrir, eða þá hann verður dauður og sljófur fyrir öllu eðlilegu og mannlegu, kaldur, vináttufár, öfundsjúkur, tortrygginn við aðra meun, þróngur og þversinna vegna þess öll hans hugsun snýst utan um eitt lítið atriði, sem er mikið og mikið fáfengilegra en hann er sjálfur og hið mannlega, sem í honum býr, svo smátt að hann verður stórum að minka sig til þess að taka ekki út fyrir það eins og oft kemur fyrir í trúarbragða sökum,—það er vitmissir alment, þó það sé látið heita annað.— Alt þetta segir oss hugur um að sé illt. Og þótt það beygi menn, sem